

# Sjáðu!

Um sjónrænt menningarlæsi

Guðlaugur Valgarðsson



Listaháskóli Íslands  
Listkennsludeild  
Meistaránám í listkennslu.

# Sjáðu!

## Um sjónrænt menningarlæsi

Guðlaugur Valgarðsson  
Leiðbeinandi: Aldís Yngvadóttir  
15 einingar  
Vorönn 2014



## Ágrip

Að vera læs á myndmál og sjónræna framsetningu menningar hvers tíma er nauðsynlegt hverjum einstaklingi til að túlka og skilja þau skilaboð sem honum berast með þeim hætti. Þannig skilur hann betur heiminn sem hann býr í og staðsetningu sína í honum. Í aðalnámskrá er kveðið á um mikilvægi þess að gera nemendur læsa á umhverfi sitt, ekki síður en á texta, enda er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011. Nýjar áherslur á læsi í sem víðustum skilningi krefjast þess líka að til sé fjölbreyttara námsefni sem miðar að aukinni færni í því. Þessu lokaverkefni er ætlað að vera lóð á vogarskálarnar í þeim efnum.

Í því er að finna drög að námsefni fyrir nemendur grunnskóla sem á skýran og einfaldan hátt er ætlað að stuðla að því að nemendur skilji og skynji tengsl sjónrænna þátta í umhverfinu í tíma og rúmi. Drögin eru tvenns konar. Annars vegar er efni til að þjálfa sjónrænar tengingar og hins vegar er hugmynd að ítarlegri nálgun á efninu í formi gagnvirks vefefnis. Efnið má nota í hvort í sínu lagi eða saman.

Fyrst er umfjöllun um læsi, myndlæsi almennt og sjónrænt menningarlæsi sérstaklega. Þá er farið í tengsl efnisins við þá kennslufræði sem byggt er á og dregið fæti í listfræði þess tíma sem drögin miða við. Í öðrum hluta er lýsing á námsefnisdrögunum og í þriðja hluta eru kennsluleiðbeiningar og leiðbeiningar fyrir nemendur. Fjórði hluti er samantekt.

## Abstract

Being able to read visual imagery and the visual presentation of contemporary culture is essential for each individual in order to interpret and understand the messages that he receives by those means. As a result of this he can better understand the world he inhabits and his position in it.

In the National curriculum for the primary and lower secondary level in Iceland, the importance of students' ability to read and interpret their surroundings in the same way as being able to read text is stressed, literacy being one of the six pillars of education. The understanding of literacy in a broader sense also calls for material that enhances students understanding in this respect. This thesis intends to supply ideas for such a material that could be a guiding light in this direction.

In the first chapter there is a discussion on visual literacy in general and cultural literacy in particular, as well as a short discussion on the pedagogical theories involved. In the second chapter there is a draft for teaching material for students that in a clear and simple manner is aimed to help them to better understand the connections of visual imagery through time and space. The draft is twofold. One part focuses on simple material to awaken this understanding while the other part focuses on a more detailed learning in the form of interactive online material. The parts can be used as stand alone or as supplementing each other. In the third chapter there are guidelines for using the material, both for teachers and students, and in the fourth there is a short summary.